

# 250. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 10. MAÍ 2016 KL 9:30

haldinn á Biskupsstofu

---

## DAGSKRÁ

---

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Kirkjuþing
  - a. Löggjafarnefnd kirkjuþings
  - b. 2. mál kirkjuþings, skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar
  - c. 3. og 18. mál, þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga
  - d. 19. mál, þingsályktun að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð
  - e. 20. mál, starfsreglur um breytingu á starfsreglum val og veitingu prestsembætta
  - f. 21. mál, þingsályktun um kaup og sölu fasteigna
  - g. 22. mál, þingsályktun um lög um helgidagafrið
3. Kirkjuþing unga fólksins
4. Kynningarmál þjóðkirkjunnar
5. Fjármál
  - a. Ástjarnarsókn
  - b. Eskifjarðarsókn
  - c. Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs
  - d. Fjármálahópur, starfsmaður
  - e. Prestastefna 2016
  - f. Kostnaðarhlutdeild Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna til Biskupsstofu
  - g. Bókhald Biskupsstofu
6. Fasteignir
  - a. Fundargerðir kirkjustarfshóps
7. Samningur milli Biskupsstofu og kirkjuráðs
8. Siðfræðistofnun – skipun nýs fulltrúa kirkjuráðs í stjórn
9. Önnur mál
  - a. Prestafélag Íslands, svar kirkjuráðs
  - b. Njarðvíkursóknir
  - c. Erindi frá stjórn Skálholtsstaðar

---

## 1. FUNDARSETNING OG FUNDARGERÐ SÍÐASTA FUNDAR

---

Fundurinn hófst á Biskupsstofu kl. 9:30. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Gísli Gunnarsson, séra Gísli Jónasson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs, Sveinbjörg Pálsdóttir, skrifstofu- og mannauðsstjóri Biskupsstofu og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Egill Heiðar Gíslason, fyrsti varaforseti kirkjuþings, sat fundinn undir dagskrárliðum 2 og 3.

Jón Þorvaldsson, sat fundinn undir dagskrárlið 4.

Biskup setti fund með ritningarlestri og bæn.

Fundargerð 249. kirkjuráðsfundar var undirrituð.

---

## 2. KIRKJUÞING

---

### *a) Löggjafarnefnd kirkjuþings*

Erindi formanns löggjafarnefndar til forseta kirkjuþings dagsett 7. maí sl. lagt fram. Um er að ræða beiðni til kirkjuráðs um fjárveitingu að fjárhæð 4 m.kr. til löggjafarnefndar vegna vinnu við gerð tillagna að starfsreglum um biskupskjör, tillagna að starfsreglum um Biskupsstofu og tillagna að starfsreglum um kirkjuráð, ásamt að vinna áfram tillögur til nýrra þjóðkirkjulaga. Kirkjuráð samþykkti að veita löggjafarnefnd 2 m.kr. úr Kirkjumálasjóði til viðbótar þeim 2 m.kr. sem þegar hafði verið úthlutað til forsætisnefndar vegna ofangreindrar vinnu. Kirkjuráð mun endurskoða þá úthlutun til hækkunar í ágúst verði þörf á því.

### *b) 2. mál kirkjuþings, skýrsla um fjármál þjóðkirkjunnar*

Ályktun og nefndarálit kirkjuþings um fjármál þjóðkirkjunnar voru lögð fram. Vinna við skráningu verkferla og verklagsreglna á Biskupsstofu er þegar hafin.

### *c) 3. og 18. mál, þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga*

Þingsályktun um frumvarp til þjóðkirkjulaga var vísað til löggjafarnefndar kirkjuþings.

### *d) 19. mál, Þingsályktun að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um kirkjuráð nr. 817/2000*

Starfsreglur um breytingar á starfsreglum um kirkjuráð var afgreitt til löggjafarnefndar kirkjuþings.

### *e) 20. mál, starfsreglur um breytingu á starfsreglum um val og veitingu prestsembættu*

Starfsreglur um breytingar á starfsreglum um val og veitingu prestsembættu voru samþykktar á kirkjuþingi. Þær hafa verið birtar í Stjórnartíðindum. Vinna stendur yfir á Biskupsstofu við að hrinda þeim í framkvæmd.

f) 21. mál, þingsályktun um kaup og sölu fasteigna

Þingsályktun um kaup og sölu fasteigna var samþykkt á kirkjuþingi.

g) 22. mál, þingsályktun um lög um helgidagafrið

Þingsályktun um lög um helgidagafrið var samþykkt á kirkjuþingi. Erindi þess efnis hefur verið komið á framfæri við Alþingi.

---

### 3. KIRKJUÞING UNGA FÓLKSINS

---

Kirkjuþing unga fólksins var haldið á Biskupsstofu 30. apríl sl. Sjö mál voru á dagskrá, en sex fengu framgang og voru lögð fram til kynningar. Málin fjölluðu um kynningu á siðareglum kirkjunnar, um að endurvekja stöðu æskulýðsfulltrúa þjóðkirkjunnar, um breytingar á starfsreglum um kirkjuþing unga fólksins varðandi meðferð þingmála kirkjuþings unga fólksins, um æskulýðsstarf í söfnuðum þjóðkirkjunnar, um umhverfismál og um eftirfylgd með málum kirkjuþings unga fólksins.

Kirkjuráð þakkar kirkjuþingi unga fólksins ábendingar og góðar tillögur.

---

### 4. KYNNINGARMÁL ÞJÓÐKIRKJUNNAR

---

Málin rædd.

---

### 5. FJÁRMÁL

---

a) *Ástjarnarsókn*

Erindi formanns sóknarnefndar Ástjarnarsóknar dagsett 6. maí sl. lagt fram ásamt fylgigögnum. Sóknin óskar eftir viðbótarfjárveitingu til byggingar Safnaðarheimilis og lánatryggingu Jöfnunarsjóðs sókna. Fjármálahópur kirkjuráðs hefur þegar fundað með fulltrúum sóknarnefndar Ástjarnarsóknar.

Kirkjuráð hefur þegar staðið við fyrri samþykktir og mun fjalla um umsókn Ástjarnarsóknar með öðrum umsóknum í Jöfnunarsjóð sókna vegna ársins 2017.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að benda forsvarsmönnum safnaðarins á að umsóknarfrestur í Jöfnunarsjóð sókna er til 15. júní nk. Kirkjuráð hefur ekki gengist í ábyrgð vegna lántöku einstakra sókna, undanfarin ár.

b) *Eskifjarðarsókn*

Erindi frá sóknarnefnd Eskifjarðarsóknar dagsett 8. febrúar sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti að fela framkvæmdastjóra að svara erindinu á þann veg að sóknarnefnd getur sótt um fjárstyrk í Jöfnunarsjóð sókna fyrir 15. júní nk.

c) *Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs*

Fundargerð fjármálahóps kirkjuráðs frá 6. maí sl. lögð fram og kynnt.

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að undirbúa tillögur að skipan ráðgjafaráðs um fjármál til að styðja við söfnuði, kirkjuráð og Biskupsstofu í samskiptum sínum við fjármálastofnanir.

*d) Fjármálahópur, starfsmaður*

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við skrifstofu- og mannauðsstjóra Biskupsstofu að hann starfi með fjármálahópi kirkjuráðs tímabundið, eða á meðan ekki er starfandi fjármálastjóri. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs situr fundi eins og þörf krefur.

*e) Prestastefna 2016*

Kirkjuráð samþykkti að veita fjárheimild að fjárhæð 1 m.kr. úr kirkjumálasjóði til Prestastefnu 2016 til viðbótar við þær 3 m.kr. sem áður höfðu verið samþykktar í kirkjuráði.

*f) Kostnaðarhlutdeild Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs til Biskupsstofu*

Kirkjuráð samþykkti að kostnaðarhlutdeild Kirkjumálasjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna samkvæmt fjárhagsáætlun 2016, verði greidd Biskupsstofu mánaðarlega. Kirkjuráð telur mikilvægt að slíkt byggi á sjóðsstreymisáætlun.

*g) Bókhald Biskupsstofu*

Kirkjuráð samþykkti að fela fjármálahópi kirkjuráðs að kanna hagkvæmni og möguleika á útvistun bókhaldsvinnu í samráði og samstarfi við framkvæmdastjóra kirkjuráðs og skrifstofu- og mannauðsstjóra Biskupsstofu.

---

## 6. FASTEIGNIR

---

*a) Fundargerðir kirkjustarfshóps*

Fundargerðir kirkjustarfshóps frá 7. apríl og 9. maí sl. lagðar fram og kynntar. Kirkjuráð samþykkti að fela kirkjustarfshópi að gera drög að eignastefnu fyrir næsta kirkjuráðsfund og byggja hana á fasteignastefnu þjóðkirkjunnar frá 2012.

---

## 7. SAMNINGUR MILLI BISKUPSSTOFU OG KIRKJURÁÐS

---

Á fyrri fundi kirkjuráðs lagði biskup fram drög að þjónustusamningi milli Biskupsstofu og kirkjuráðs. Framkvæmdastjóri kirkjuráðs lagði fram drög að leigusamningi milli Biskupsstofu og Kirkjumálasjóðs vegna húsnæðis Biskupsstofu. Málin rædd og málinu frestað.

---

## 8. SIÐFRÆÐISTOFNUN

---

Fulltrúi kirkjuráðs í stjórn Siðfræðistofnunar hefur óskað eftir að láta af störfum sem fulltrúi kirkjuráðs í stjórn Siðfræðistofnunar.

Kirkjuráð samþykkti beiðnina og samþykkti að tilnefna séra Elínborgu Sturludóttur í stjórn Siðfræðistofnunar.

---

## 9. ÖNNUR MÁL

---

*a) Prestafélag Íslands, svar kirkjuráðs*

Kirkjuráði barst erindi frá stjórn PÍ dagsett 30. mars sl.

Kirkjuráð samþykkti svar við erindi stjórnarinnar og samþykkti að fela framkvæmdastjóra að koma því á framfæri.

*b) Njarðvíkursóknir*

Framkvæmdastjóri kynnti þá niðurstöðu sem fengin var í samskipti kirkjuráðs og sóknarnefnda Njarðvíkurprestakalls.

*c) Erindi frá stjórn Skálholtsstaðar*

Erindi frá stjórn Skálholtsstaðar frá 2. maí sl. lagt fram.

Kirkjuráð samþykkti ósk stjórnar Skálholtsstaðar um að færa prókúru á bankareikningum staðarins frá Biskupsstofu til skrifstofustjóra Skálholtsstaðar.

Kirkjuráð samþykkti ósk stjórnar Skálholtsstaðar að færa vinnslu bókhalds Skálholtsstaðar frá Biskupsstofu til Skálholts frá 1. júlí nk.

Kirkjuráð samþykkti að óska eftir því við skrifstofu- og mannauðsstjóra Biskupsstofu að hann fylgi málinu eftir.

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu þriðjudaginn 14. júní nk.

---

Agnes M. Sigurðardóttir,  
biskup Íslands.

---

Þorvaldur Víðisson,  
ritari.

---

Séra Gísli Gunnarsson.

---

Séra Gísli Jónasson.

---

Stefán Magnússon.

---

Svana Helen Björnsdóttir.